

Nr. 20-114 S 079 Kap II VE 7***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1062
IMO: 6804692
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Stárvík, 1967, stál
Stærð: 407,58 brl. 575,28 bt.
Mesta lengd: 52,07 m Skráð lengd: 47,0 m
Breidd: 7,90 m Dýpt: 6,20 m
Vél: Bergen diesel, 729,0 kw, 1981
Fjöldi skipverja: 12



Kap II © Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. ágúst 2020 var Kap II VE 7 á netaveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: N 5 m/s og sjólítið.

Skipverjar voru að draga net þegar einn þeirra, sem var á rúllunni, ætlaði að reyna að koma snúningi sem var á teinunum inn fyrir rúlluna. Við það klemmdi hann fingur á milli teinanna með þeim afleiðingum að hann fingurbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að báðir teinarnir voru stífir þegar skipverjinn fór með hendurnar í þá til að snúa ofan af þeim;
- að nota átti járntein sem var til staðar til að snúa ofan af teinunum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að ekki var notað þar til gert verkfæri við verkið.